

Verðskrá sauðfjárafurða haustið 2004

Verðskrá fyrir sauðfjárafurðir hjá Norðlenska fyrir haustið 2004 hefur verið ákveðin og má sjá hana í töflunum hér við hliðina.

Fyrirtækið leggur áherslu á að um er að ræða tvær verðskrár, annars vegar fyrir þá sem gert hafa viðskiptasamning við Norðlenska og hins vegar þá sem ekki hafa gert slíkan samning. Norðlenska hefur lagt á það áherslu við bændur að þeir geri viðskiptasamninga við fyrirtækið til að njóta bestu kjara og minnir á að þeir sem ekki hafa gert viðskiptasamning hafa enn tækifæri til þess að gera samning og njóta þannig hærri verða.

Verðlagning

Verð til innleggjenda hækkar í flestum flokkum á þessu hausti, utan fituflokka 4 og 5, sem munu flestir lækka frá fyrra ári. Meðalhækkun á því sem Norðlenska greiðir fyrir innanlandsverð nemur um tveimur prósentum. Með útflutningi nemur þessi hækkun hins vegar nær fjórum prósentum.

Mikil hækkun á ærkjöti

Ærkjöt mun hækka talsvert meira en aðrir flokkar (FR3) og nemur hækkun frá síðasta hausti 56%.

Verð í útflutningi hækkar verulega

Norðlenska mun hækka verð fyrir útflutning verulega frá því á síðasta hausti og breyta um leið aðferð við útreikninga á þeim tímabilum sem greitt er álag.

Greiddar verða 172 kr/kg fyrir útflutning í ár, en sú upphæð var 150 kr/kg á aðal sláturtíma árið 2003. Þessi hækkun nemur 14,7%. Álag vegna sumarslátrunar verður hækkað og reiknað á bæði innanlandsverð og útflutningsverð.

Gærur og slátur

Verð fyrir slátur mun hækka og verða greiddar 75 krónur fyrir hvert slátur til þeirra sem hafa viðskiptasamning við Norðlenska. Verð til annarra er 72 kr. Eins og sagt var frá í fréttabréfi fyrir skömmu eru erfiðleikar á gærumörkuðum og óljóst hve mikið verður greitt fyrir gærur í haust. Leitað er kaupenda þar sem Skinnaiðnaður mun líklega ekki kaupa gærur að þessu sinni.

Verð til þeirra sem hafa gert viðskiptasamning við Norðlenska

Holdfylling	Fituflokkar					
	1	2	3	3+	4	5
DE	302	302	286	260	195	170
DU	302	302	286	260	195	170
DR	275	286	266	255	175	170
DO	251	277	225	225	175	170
DP	215	215	215	215	175	170
VP	170					
VR			200		170	
VHR			50		40	
VHP	40					
FP	30					
FR			70		30	

Verð til þeirra sem ekki hafa gert viðskiptasamning við Norðlenska

Holdfylling	Fituflokkar					
	1	2	3	3+	4	5
DE	289,92	289,92	274,56	249,60	187,20	163,20
DU	289,92	289,92	274,56	249,60	187,20	163,20
DR	264,00	274,56	255,36	216,00	168,00	163,20
DO	240,96	265,92	216,00	216,00	168,00	163,20
DP	206,40	206,40	206,40	206,40	168,00	163,20
VP	163,20					
VR			192,00		163,20	
VHR			48,00		38,40	
VHP	38,40					
FP	28,80					
FR			67,20		28,80	

Birt með fyrirvara um prentvillur

Álagsverð í sauðfjárláturtíð

Tímabil	Greiðsla Markaðs- ráðs pr. dilk	Álags- greiðsla	Greiðsla - útl. kjöt	Útflutnings- dilk	Fjöldi í sláturun
8. – 14. ágúst	500	9%	172	10%	1500
15. – 21. ágúst	400	7%	172	10%	2400
23. – 28. ágúst	200	7%	172	17%	8000
29. ág. – 4. sept.	100	7%	172	24%	9500
5. sept. – 11. sept.		5%	172	31%	9500
12. sept. – 31. okt.*			172	36-38%	ótakm.
1. nóv. – 28. nóv.*		15%	172	36-38%	5000
29. nóv. – 28. feb.	100	8%	172	24%	

* Hlutfall fyrir tímabilið 12. september til 28. nóvember 2004 verði nánar ákveðið innan þessara marka og auglýst fyrir 1. september n.k.

Taflan hér að ofan sýnir álagsverð í ágústsláturun og forsláturun í september. Vert er að benda á að útflutningsskylda er lægri í fyrstu viku í september auk þess sem útflutningsverð er herra. Verulegt sláturpláss er laust í þessari viku og eru bændur hvattir til að nýta sér það. Allir hafa rétt til að koma með fé til forsláturunar í þeirri viku svo lengi sem sláturpláss leyfir. Álag er greitt á eftirtalda flokka E-U-R 1-2-3 og O 1-2.

Flutningar

Tveir aðilar munu annast flutninga fyrir Norðlenska í haust. Annars vegar Reynir B. Ingvason í Þingeyjarsýslu og hins vegar Sigurður Jónsson á Austurlandi. Flutningsgjald verður hið sama á öllu innleggssvæði Norðlenska, eða 8,60 krónur án vsk pr. kg. Gildir þetta gjald um flutninga hvort sem fé er flutt af Austurlandi, úr Þingeyjarsýslu, Eyjafirði eða frá Vopnafirði. Bændum verður áfram gefinn kostur á að flytja sitt eigið fé á eigin flutningatækjum, hafi þeir gert það fram að þessu. Allir bændur munu þurfa að greiða flutningsgjald, en þeir sem flytja sjálfir munu fá greitt útbóðsverð, þó aldrei hærra en það sem af þeim er reiknað. Ekki verða greiddir reikningar frá þeim er láta aðra flutningsaðila flytja frá sér. Ástæðan fyrir sameiginlegum flutningum er lækking og jöfnun flutningskostnaðar milli bænda, enda er ekki sanngjarn að menn gjaldi þess að búa í nálægð við sláturhús sem lagt er niður.

Hugið að aðstöðu til að setja fé á flutningabíla

Mælst er til þess að innleggjendur hugi að aðstöðu sinni heima fyrir til að setja sláturfé á flutningabíla. Góð aðstaða tryggir í senn góða meðhöndlun á fénu og hraða þjónustu.

Niðurröðun

Niðurröðun verður með sama sniði og undanfarin ár. Gengið er út frá föstu sláturskipulagi á slátursvæði Norðlenska í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Halldór Sigurðsson á Sandhólum verður réttarstjóri á Húsavík. Skipulag á Austurlandi verður með sama sniði og verið hefur og er í höndum Aðalsteins Jónssonar í Klausturseli. Munu þeir Halldór og Aðalsteinn raða saman sláturfjárloforðum og skipuleggja slátrun í sameiningu.

Um heimtöku

Í komandi sláturtíð verður heimtaka á kjöti framleiðenda með líku sniði og var í fyrra. Bændur verða að taka allt sitt heimtökukjöt ferskt eða frosið innan þriggja daga frá slátrun en ekki er hægt að fá kjöt geymt lengur, hvorki á Akureyri, Húsavík né á Egilsstöðum. Bændur geta fengið heimtökuna á tvennan hátt.

1. Ferskt eða frosið í heilum skrokkum.
2. Frosið sjöpartasagað eða fínsagað. Teknar verða 1.400 kr. án vsk fyrir slátrun á dilk í heimtöku innan heimtökuréttar, 2.098 kr. fyrir dilk utan heimtökuréttar og 1.670 kr. fyrir slátrun á fullorðnu. Ekki er greitt sérstaklega fyrir sjöpartasögun en 300 kr. fyrir fínsögun.

Mjög mikilvægt er að óskir um heimtöku berist sláturhúsi á þar til gerðum

eyðublöðum eigi síðar en við komu fjárins í réttina. Skal á eyðublaðinu tilgreina hvernig kjötið skuli afhent, ferskt, frosið, og þá hvernig sagað.

Framvísun fjár

Til að slátrun gangi sem greiðast fyrir sig er mikilvægt að innleggjendur eða fulltrúar þeirra framvísi fénu til slátrunar, ef kostur er.

Einstaklingsnúmer - lyfjagjöf

Nýjung hefur nú verið tekin upp í tölvukerfi Norðlenska sem gerir kleyft að skrá inn einstaklingsnúmer dilka strax í sláturrétt. Númerin koma fram á vigtarseðli og einnig þegar gögn verða send á tölvutæku formi. Þessi nýjung mun án efa verða bændum gagnleg við færslu upplýsinga í ræktunarforrit. Nauðsynlegt er fyrir Norðlenska að vita við framvísun til slátrunar hvaða lömb hafa fengið lyf. Þær upplýsingar eru færðar í tölvukerfi fyrirtækisins og eru mikilvægar, ekki síst vegna útflutnings.

Slátursala

Slátursala verður opin í sláturhúsi Norðlenska á Húsavík frá 30. september til 22. október. Slátur frá Norðlenska verða einnig afgreidd í verslunum Úrvali Hrísalundi á Akureyri og Samkaupum á Egilsstöðum.

Áfram sókn í útflutningi á Bandaríkjamarkað

Kjöt úr fyrstu sumarslátrun Norðlenska er nú að fara til verslanakeðjunnar Whole Foods í Bandaríkjunum og stefnir fyrirtækið að áframhaldandi sókn á þessum markaði. Mikilvægt er að tryggja hillupláss í verslunum nú

strax í ágúst og halda því með jöfnu framboði allt fram til jóla.

Eins og áður er kjötið sent gaspakkað í gámum með skipum til Bandaríkanna, sem og með flugi. Þessi útflutningur er grunnurinn að því að unnt sé að greiða hærra verð fyrir útflutning utan hefðbundinnar sláturtíðar og greiða hluta útflutnings fyrir áramót. Mikilvægt er að stöðugt framboð verði á kjöti fram í desember til þess að geta annað eftirspurn markaðarins.

Verðhækkun á nautgripakjöti

Norðlenska hefur birt nýja verðskrá fyrir nautgripakjöt og samkvæmt henni hækkar verð um 5,6% að meðaltali. Verðskráin hefur þegar tekið gildi. Hækkunin er mismikil eftir flokkum en jafnframt þessari breytingu hefur viðmiðunarþyngdum verið breytt úr 230 kg. í 210 kg. Verðskráin hefur í heild sinni verið birt á vefsíðu Norðlenska. Norðlenska hvetur bændur til að skrá sláturgripi sem fyrst svo auðvelt reynist að áætla slátranir í haust og vetur.

Akureyri 17. ágúst 2004

Símar hjá Norðlenska

	Húsavík
Réttarstjóri	840 8895
Stöðvarstjóri	460 8888
Skrifstofa	460 8880
Fax	460 8881
Sauðfjárrett	460 8895
Heimtökusögun	460 3747
Frysting	460 8898
Slátursala	460 8897
Mötuneyti	460 8887
Skrifstofa Ak.	460 8850

Símar hjá bílstjórum

	Heima	NMT	GSM
Aðalsteinn Guðmundsson	464 1955	854 2018	892 7276
Reynir B. Ingvason	464 3518	852 1018	893 1018
Ragnar Þorsteinsson		464 3592	847 6325
Sigurður Jónsson		853 4480	893 4480

Skipulag sauðfjárslátrunar

Eyjafjörður	Þingeyjarsýslur	Hérað	Suðurfirðir
Arnarnesdeild	Mývetningadeild	Norðurbyggð á Jökuld.	Berufjörður
Árskógsdeild	Bárðdæladeild	Jökulsárhlíð	Breiðdalur
Ólafsfjarðardeild	Reykðæladeild	Seyðisfjörður	Fáskrúðsdalur
Svarfdæladeild	Laxdæladeild	Vellir	Fjarðabyggð
Öxndæladeild	Kinnardeild	Eiðapínghá	
Skriðudeild	Tjörnnessdeild	Hjaltastaðapínghá	
Höfðhverfingadeild	Aðaldæladeild	Borgarfjörður	
Fnióskdæladeild	Reykjædeild	Jökuldalur austan ár	
Strandadeild	Kelduhverfisdeild	Fellahreppur	
Saurbæjardeild		Fljótisdalur	
Öngulsstaðadeild		Tunga	
Hrafnagilsdeild		Skriðdalur	
Glæsibæjardeild			